

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 586/2017 um innleiðingu viðauka við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, með breytingum samkvæmt bókun 1978 (MARPOL-samningur).

1. gr.

Reglugerð þessi sem breytir reglugerð nr. 586/2017, er sett til innleiðingar á ákvæðum viðauka VI um varnir gegn loftmengun frá skipum, við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, með breytingum samkvæmt bókun 1978 (MARPOL 73/78) og síðari breytingum. Einnig er samræmdur texti um tilvísanir til viðauka I, II og V ásamt síðari breytingum.

2. gr.

Í 4. gr. reglugerðarinnar, undir Hlutverk Umhverfisstofnunar, bætist nýr töluliður sem orðist þannig:

7. Vottun gagna um eldsneytisnotkun skipa og gagnaskil þar að lútandi til Alþjóðasiglingastofnunarinnar.

3. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Innleiðing viðauka við MARPOL-samning, ásamt breytingum.

Eftirfarandi viðaukar við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum, 1973, með breytingum samkvæmt bókun 1978 (MARPOL 73/78) og síðari breytingar við viðaukana, öðlast gildi hér á landi:

Viðauki I um varnir gegn olíumengun frá skipum með breytingum eins og hann er birtur í MARPOL samsettri útgáfu 1. janúar 2017 ásamt breytingum í ályktun MEPC. 276(70). Viðaukinn eru birtur á ensku í C-deild Stjórnartíðinda, sem fylgiskjal við auglýsingu nr. 2/2017, með heimild í 2. mgr. 4. gr., sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingarblað.

Viðauki II um varnir af völdum eitraðra efna í fljótandi formi í farmgeymum skipa með breytingum eins og hann er birtur í MARPOL samsettri útgáfu 1. janúar 2017 ásamt breytingum í ályktun MEPC. 270(69). Viðaukinn eru birtur á ensku í C-deild Stjórnartíðinda, sem fylgiskjal við auglýsingu nr. 2/2017, með heimild í 2. mgr. 4. gr., sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingarblað.

Viðauki III um varnir gegn mengun af völdum efna sem flutt eru í pökkuðu formi með breytingum eins og hann er birtur í MARPOL samsettri útgáfu 1. janúar 2017. Viðaukinn eru birtur á ensku í C-deild Stjórnartíðinda, sem fylgiskjal við auglýsingu nr. 2/2017, með heimild í 2. mgr. 4. gr., sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingarblað.

Viðauki V um varnir gegn sorpmengun frá skipum með breytingum eins og hann er birtur í MARPOL samsettri útgáfu 1. janúar 2017 ásamt breytingu í ályktun MEPC 277(70) Viðaukinn eru birtur á ensku í C-deild Stjórnartíðinda, sem fylgiskjal við auglýsingu nr. 2/2017, með heimild í 2. mgr. 4. gr., sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingarblað.

Viðauki VI um varnir gegn loftmengun frá skipum með breytingum eins og hann er birtur í MARPOL samsettri útgáfu 1. janúar 2017, ásamt breytingum í ályktunum MEPC.271(69), MEPC.278(70) og MEPC.286(71). Viðaukinn ásamt breytingunum er birtur á ensku í C-deild Stjórnartíðinda, sem fylgiskjal við auglýsingu X/2018, með heimild í 2. mgr. 4. gr., sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 15/2005 um Stjórnartíðindi og Lögbirtingarblað.

Alþjóðlegur kóði um stjórn á losun köfnunarefnisoxíða frá vélum skipa, ásamt síðari breytingum, sem gildir samkvæmt viðauka VI við MARPOL samninginn. Kóðinn er birtur á heimasíðu Samgöngustofu í samræmi við 9. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála, sbr. br. nr. 25/2018.

4. gr.

Við IV. kafla bætast eftirfarandi ákvæði:

6. gr. a.

Séríslensk ákvæði vegna viðauka VI við MARPOL-samninginn.

6. gr. a.1.

Ósoneyðandi efni.

Um notkun og meðferð ósoneyðandi efna gilda einnig ákvæði reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins sem ganga lengra en ákvæði viðaukans.

6. gr. a.2.

Brennisteinsoxíð (SOx) og svifryk.

Um brennisteinsinnihald í skipaeldsneyti sem notað er innan íslenskrar mengunarlögsögu gilda einnig ákvæði reglugerðar nr. 124/2015 um brennisteinsinnihald í tilteknu fljótandi eldsneyti sem ganga lengra en ákvæði viðaukans

6. gr. a.3.

Brennsla um borð í skipum.

Óheimilt er að brenna úrgang eða önnur efni á hafi úti, sbr. 10 gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Heimilt er þó að brenna eigið sorp í þar til gerðum ofnum í samræmi við reglu 16 í viðauka VI við MARPOL-samninginn.

5. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í v-lið 6. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, með síðari breytingum.

Reglugerð þessi tekur þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, xx. ágúst 2018.